

S k ó g a r g e r ð i

Skrásetjari, Víkingur Gíslason, fæddur 11.7.1929 í Skógargerði og dvaldi þar óslitið til vorsins 1970.

Helgi Indriðason fluttist í Skógargerði 1882 frá Seljarteigi í Reyðarfirði. Elsta barn hans Gísli, fæddur 1881, bjó í Skógargerði frá aldamótum til dauðadags 1964. Skrásetjari hefur numið örnefnið af Gísla.

Skógargerði er yzti þar í Fellum og stendur yzt og neðst í tanga þeim, sem vötnin mynda; Lagarfljót (1) að austan, en Rangá (2) að norðan og vestan. Framan við landið (sunnan) eru landamerki þessi á mörkum Skógargerðis og Urriðavatns:

Úr Forvaða við fljótið í stóran stein á kletti framan við Bæjarásendann, merktur L.M. Þaðan í vörðu á Flatásbrúninni, síðan í stein á miðjum Flatás, sem klappað er á L.M. Þaðan í vörðu á austurbrún Stórás og síðan í aðra á vesturbrún. Þaðan í stein mittisháan á Bótarásnum merktan L.M. Þaðan í stóran stein fram af Háahrauni skammt frá ánni.

Girðing er á allri þessari línu.

Örnefni, sem voru og eru í túninu:

Túnið liggur að ánni og fljótinu. Fyrst er flatlendið neðan brekkna; yzt og efst (norðast) heita Bringur (3) út með Melshorninu (4), neðar (austar) Stóra-

læna (5) eða Efstalæna (6), þá Miðlæna (7), síðan Bolla-
læna (8) og innst (syðst) Langalæna (9) eða Fremstalæna (10)

Út við ána Berjaholtsbakki (11) og Berjaholts-
vað (12) á ánni (gegnt Berjaholti utan ár). Svartimór (13)
neðan við Löngulænu og Svartibakki (14). Þá kemur Ytri-
bakki (15) yzt og neðst við ána, niður af honum á eyr-
unum Stórihólmi (16). Innar er Fremribakki (17), út af
honum Litlihólmi (18). Þá taka við Grafningar (19) inn
með sveignum á vikinni, á milli þeirra Leirinn (20).

Framan við vikina gengur lengst út sandeyri, sem
heitir Horn (21). Vikin umhverfis hólmana er lengst af
þurr, kölluð Eyrar (22), dálítið grónar.

Neðan við Ytrabakka er vað á ánni, kallað
Neðstavað (23), neðst heitir Árós (24).

Túnspildurnar frá Löngulænu heita: Ytraflag (25),
þá Fremraflag (26), Fitin (27) og Fremstaflag (28) inn að
Grafningum.

Nú er komið upp að brekkum, og fer að verða að-
dragandi að Bæjarásnum (29).

Utan á börðunum heitir Stórisandur (30). Þar
var kartöflugarður Gísla í 50 ár. Inn af honum Barð (31)
og síðan Kvíahraun (32). Þar voru tvær kvíar úr torfi og
grjóti, sem voru notaðar meðan fært var frá ám, (segir
Gísli).

Inn af Sandinum (33), en svo var hann oft kall-
aður, er Stórabrekka (34) inn að Gamlabæjarhól (34),
Hól (35) eða Neðrahól (36). Öll nöfnin jafn algeng.
Austan í honum eru klettabelti og talið, að þar búi huldu-
fólk. Hafa komið fram slys á fénaði, þegar grjót hefur
verið rifið úr hólnum til notkunar í lokræsi í þaksléttum.

Uppi á hjallanum yzt, Kofatún (37) og Magnúsarkofi (38). Hann dregur nafn af því, að þar stóð uppi lík Magnúsar Ívarssonar bónda í Hjarðarhaga á Jökuldal, sem druknaði í Lagarfljóti skömmu eftir 1920. Lík hans rak neðan við túnið í Skógargærði.

Inn af Magnúsarkofa Gamlibærinn (39). Þar var jafnað yfir rústirnar, en Smiðjan (40), dálítill kofi, stendur enn fremst, en brot af kálgarðsvegg yzt, sem skjól fyrir rabbarbara. Á rústunum voru gróðursettar plöntur, sem allar dóu á hafísárunum '65-68.

Inn af Gamlabæ heitir Tungan (41), inn að Leyningshúsi (42). Innsta túnspildan heitir Mór (43).

Upp af Kofatúni heita Horn (44). Þar var búskapur krakka, þá kemur Lambhústún (45), Lambhús (46) og Lambhúshóll (47). Uppi á honum er grafreitur, norðan við hann var Hesthús (48). Þar er nú trjágarður. Í hesthúsinu hélt til svipur af konu, sem enginn vissi nein deili á.

Hesthústún (49) eða Hesthússlétta (50) heitir þar norður að Svarðargröfum (51) og út að Kvíahrauni. Sund (52) heitir fyrir innan og utan Svarðargrafir. Upp af ytra sundinu er Kvíaból (53), hæðardrag allbreitt. Þar eru greinilegar tættur af kvíum, réttum og fleiri mannvirkjum. Upp af fremra sundinu, sem er tún, heitir Réttartún (54) eða Litlahagatún (55), hvort tveggja jafn algengt.

Inn af grafreitnum er íbúðarhúsið; fram og niður af því heitir Bjarnahús (56) (frb. Bjannahús). Þar eru nú peningshúsin. Umhverfis það Bjarnahústún (57),

neðan við Bjarnahúsbrekka (58), inn af henni Ásbrekka (59) og innst, inn að túngarði, Leyningshúsbrekka (60).

Hér er Bæjarásinn farinn að hækka að mun og heitir Bæjarásendi (61) eða Ásendi (62). Austast á honum heita Steinar (63), sem eru rétt fram af Bjarnahúsinu. Norður við sundið heita Norðaristeinar (64).

Bæjarásinn nær utan frá bænnum og inn að mörkum. Hann er mjög hár þeim megin sem snýr að fljótinu (austan), með hjöllum og brekkum. Norðan á ásnum, yzt, eru klettur, en aðallega á austurbrúninni; þar hlóð Gísli í skörðin og brúaði á milli kletta með grjóttgarði inn að mörkum og girti þaðan með gaddavír ofan í Forvaða um 1920. Þá var þetta stykki kallað Girðingin (65); áður hafði það heitið Hjallar (66). Hvort tveggja notað.

Á Bæjarásnum yzt, gegnt Litlahaga (67), heitir Bæjarástúta (68), þverhnípt klettarið. Alllangt innar á brúninni stendur stór steinn á litlum fleti, líkist tvínefja steðja, heitir Grettistak (69). Út af honum heitir Urð (70)

Þar sem ásinn verður hæstur um miðbik, heitir Hábæjarás (71), utan í honum stendur afar stór steinn, af-langur með skoru í gegn, sem heitir Dvergasteinn (72). Innar á brúninni eystri heitir Nef (73). Fremst heita Innstuklettur (74), klettahlein fráskilin.

Þversund mjótt liggur framan á Bæjarásnum, kallað Gonta (75). Þarna heitir Bæjarásendi (innri) (76). Austan klettanna á ásnum heitir Efstihjalli (77), næst kemur Miðhjalli (78). Hann heitir Stakihjalli (79) innst. Þá kemur Langihjalli (80). Á honum yzt er stór steinn, nokkuð fer-

kantaður, heitir Stóristeinn (81). Þar er Stórasteinshæð (82). Innar á Langahj. heita Botnar (83), Langahjallahorn (84) innan við þá. Markarmýri (85) er inn að markagirðingu, inn af Langahj. Gömlugötur (86) eru næst, neðan við þær hér um bil yzt er klofinn klettur, sem heitir Hrafnaklettur (87), inn af honum Skútaklettur (88). Þar inn af heitir Rjúpnaker (89), gróin og oftast vatnslaus tjörn. Skammt inn af því er Brúarkelda (90). Innan til á Gömlugötum heitir Vörðuhraun (91).

Inn af Grafningum heitir Hæð (92) eða Stórahæð (93), undan henni er Skógargerðisvað (94) á fljótinu.

Utan frá Horni inn að Forvaða (95) er mjó grasbryggja, sem kölluð er Fjara (96), ofan við hana heitir Neðstabrekka (97) eða Fljótsbrekka (98).

Norðan við Bæjarás er Bæjarsund (99), langt og mjótt, utan frá Bringum og inn að mörkum. Innan við túnið, í því er Litlihagi. Þar við Bæjaráshornið er brunnur, heitir Sundbrunnur (100), úr honum var aðallega borið vatn í bæinn. Innan til í Bæjarsundi er Þrepskjöldur (frb. 100), Þröskuldur (101). Holthjalli þvert yfir. Þá kemur Miðás (103).

Miðásendi (104) heitir gegnt bænum. Allmiklir klettur eru austan í Miðásnum utan til. Hæsta og yzta nefið heitir Miðástúta (105), norðan við hana Klaufir (106).

Austan í ásnum gegnt bænum er fjárréttin. Fremst við hana heitir Geitakofi (106), tótt, nú dilkur í réttinni. Gísli hafði geitfé um tíma. Upp af réttinni heitir Skoruklettur (107). Innar í klettabeltinu er Geitaklettur (108).

Innan við Litlahaga á Miðásnum er breið og há klettabunga, sem heitir Miðásklettur (109), inn af honum Staksteinabotn (110) við Bæjarsundið, Miðásendi (innri) (111) þar inn af. Næst kemur Miðsund (112), dálítið breitt, um miðbik þess eru tvö holt, nefnd Torfholt (113). Þar var áður skorið torf. Síðan kemur Rangárás (114), Rangárásendi (115) yzt. Út af honum er krókur á ánni, þar heitir Tangi (116). Inn og niður af honum er Litlibotn (117) við ána. Þar er kallað Litlabotnsvað (118) á ánni. Neðan við melhrygg kemur Stóribotn (119) eða Stórihvammur (120). Út af honum er Efstavað (121) kallað á ánni. Neðan við Stórabotn heita Móar (122) niður að Bringum og út að Melshorni. Þetta svæði er afgirt og heitir Stórabotnsgirðing (123). Neðan við Efstavað heitir Gunnarshylur (124) í ánni. Þar niður með ánni, við kvísl, var oftast þvegin ull.

Rangárásinn nær inn að Þverlág (125). Á austurbrún hans innan til heitir Vörðuhraun (126), inn af því Langaskot (127), mjótt sund, sem nær inn að þverlág. Á norðurbrún, um miðjan ás, er Stakahraun (128), Rangárásklettur (129) utar, á miðjum ás. Nokkuð há bunga með klettum. Norðan við hann Litlasund (130), og síðan Litlás (131), mjór og langur hryggur.

Innan við Þverlág heitir Flatás (132). Þar heita Hvítumýrar (133) inn við mörkin, og Flatásbrún (134) austast.

Ofan við Flatás og Rangárásinn innst er Stórablá (135), breið og blaut mýri. Yzt á henni eru tvö smá holt, Torfholt (ft.) (136). Þar var þurrkað heyjatorf, sem skorið var í blánni. Út af þeim er Einbúi (137), gegnt Staka-

hrauni. Einbúasund (138) fyrir norðan, en Einbúaflói (139) austan við.

Utan við Einbúa og norðan við Rangárás er breið spilda, sem heitir Stekkablá (140) innst, en yzt heita Græfur (141). Þar hafa lækirtveir ræstst rækilega fram, og einkum sá austari grafið sig djúpt niður, svo mýrlendið var orðið að harðvellispýfi. Þetta er nú allt tún. Austari lækurinn heitir Grófalækur (142). Á eystri bakka hans er mjög forn stekkur með lambakrök. Norðari lækurinn heitir Svarðagrafalækur (143). Þar eru gamlar mógrafir.

Utan við Græfurnar er Hólmi (144) í ánni. Í kringum hann rennur mjó Kvísl (145) úr ánni. Í Kvíslina renna áðurnefndir lækir. Í Hólmanum var, í fyrndinni, kornmylla, sem enn sést.

Ofan við Græfur og Stekkablá er Stekkás (146). Hann er lágur og klettalítill og endar við mýrarhall, sem heitir Enni (147). Á honum miðjum er dæld, sem heitir Botn (148). Út og niður af enda hans er foss í ánni, nefndur Grófafoss (149). Þar var reist rafstöð 1951. Utan við Hólmann áðurnefndan, þar niður af, heitir Hólma-hylur (150). Á Stekkásnum, við smákletta gegnt Einbúanum, sá Gísli dökkleitar hulðukindur á útmánuðum veturinn 1929.

Innan við Enni heita Holt (ft.) (151) ofan við Stórublá. Neðst í þeim er stæðilegur klettur, Stapi (152). Innst á hjallanum inn af Holtunum er Stórástjörn (153), niður af henni Tjarnarenni (154) eða Þurraenni (155). Tjörnin var ræst fram og minnkaði um helming. Þarna innan við Tjörnina um mörkin eru fornar beitarhúsa- eða býlis-tættur, kallaðar Stórástættur (156).

Ofan við Stekkás heita Mýrar (157) utan frá á, og inn að Holtum. Á þeim er stakt holt, niður af húsunum, sem kallað var Holtið á mýrunum (158). Fyrir ofan Mýrarnar heitir Tóttáás (159) (Tóttás (160)), lágur en dálítið breiður. Utan við hann er þversund, sem heitir Hagi (161). Um Hagann er sveigur á ánni, út eftir. Neðan við Hagann er foss í ánni, sem heitir Hagafoss (162), og Hagahylur (163) neðan við.

Innst á Tóttásnum eru Skógargerðisbeitarhús (164). Innan við húsin rís upp mjög hár ás, Stórás (165). Þar heitir Stórásendi (166). Lítið meira en endinn af Stórásnum er í Skógargerðislandi. Hann liggur í gegnum allt Urriðavatnsland, endar við Hafrafellsblá. Inn að húsunum austan við Stórás heitir Langholtsmýri (167) og Langholt (168), langt og mjótt, neðan við.

Norðan við Stórás er Stórásund (169). Norðan við Tóttás heitir Bótarblá (170) og Bótarbláarbakkar (171) út við ána, ofan við Hagann.

Ofan við Stórásund og Bótarblá er langur og mjór ás, Litlás (172), og Litlasmýri (173) ofan við hann. Yzt á henni er tjörn, Bótarástjörn (174), sem er að fyllast, og ekki orðin hættuleg. Þar heitir Bótarásendi (175).
(176)
Þaðan liggur Bótarás/inn að mörkum. Hann er nokkuð hár, ekki breiður en klettóttur. Norðan við hann miðjan eru tvö mýrarsund, með klettahlein á milli, sem heita Skot/. Þar
(176a)
var heyjað.

Norðast við ána er hryggur, nokkuð langur, sem heitir Háahraun (177), þar sem hann verður hæstur. Þarna út af þverbeygir áin ofan eftir. Þar heitir Árkrókur (178), og þar er Árkróksfoss (179) út af Bótarásendanum.

Stafrófsskrá örnefna.

Arkróksfoss 179	Flatásbrún 134
Arkrókur 178	Fljótsbrekka 98 = 97
Arós 24	Forvaði 95
Ásbrekka 59	Fremraflag 26
Ásendi 62 = 61	Fremribakki 17
Barð 31	Fremstaflag 28
Berjaholtsbakki 11	Fremstalæna 10 = 9
Berjaholtsvað 12	Gamlabæjarhóll 34 = 35,36
Bjarnahús 56	Gamlibær(inn) 39
Bjarnahúsbrekka 58	Geitaklettur 108
Bjarnahústún 57	Geitakofi 106
Bollalæna 8	Girðing(in) 65 = 66
Bótarás 176	Gonta 75
Bótarásendi 175	Grafningar 19
Bótarástjörn 174	Grettistak 69
Bótarblá 170	Grófafoss 149
Bótarbláarbakkar 171	Grófalækur 142
Botn 148	Græfur 141
Botnar 83	Gunnarshylur 124
Bringur 3	Gömlugötur 86
Brúarkelda 90	Háahraun 177
Bæjarás 29	Hábæjarás 71
Bæjarásendi 61 = 62	Hagafoss 162
Bæjarásendi, innri 76	Hagahylur 163
Bæjarástúta 68	Hagi 161
Bæjarsund 99	Hesthús 48
Dvergasteinn 72	Hesthússlétta 50 = 49
Efstalæna 6 = 5	Hesthústún 49 = 50
Efstavað 121	Hjallar 66 = 65
Efstihjalli 77	Hóll 35 = 34,36
Einbúaflói 139	Hólmahylur 150
Einbúasund 138	Hólmi 144
Einbúi 137	Holt 151
Enni 147	Holtið á mýrunum 158
Eyrar 22	Horn 21
Fit(in) 27	Horn 44
Fjara 96	Hrafnaklettur 87
Flatás 132	Hvítumýrar 133

Hæð 92 = 93	Móar 122
Innstuklettur 74	Mór 43
Klaufir 106	Mýrar 157
Kofatún 37	Neðrihóll 36 = 34,35
Kvíaból 53	Neðstabrekka 97 = 98
Kvíahraun 32	Neðstavað 23
Kvísl 145	Nef 73
Lagarfljót 1	Norðaristeinar 64
Lambhús 46	Rangá 2
Lambhúshóll 47	Rangárás 114
Lambhústún 45	Rangárásendi 115
Langahjallahorn 84	Rangárasklettur 129
Langalæna 9 = 10	Réttartún 54 = 55
Langaskot 127	Rjúpnaker 89
Langholt 168	Sandur(inn) 33 = 30
Langholtsmýri 167	Skógargerðisbeitarhús 164
Langihjalli 80	Skógargerðisvað 94
Leir(inn) 20	Skoruklettur 107
Leyningshús 42	Skot 176a
Leyningshúsbrekka 60	Skútaklettur 88
Litlabotnsvað 118	Smiðja(n) 40
Litlahagatún 55 = 54	Stakahraun 128
Litlás 131	Stakihjalli 79
Litlás 172	Staksteinabotn 110
Litlasmýri 173	Stapi 152
Litlasund 130	Steinar 63
Litlibotn 117	Stekkablá 140
Litlihagi 67	Stekkás 146
Litlihólmi 18	Stórablá 135
Magnúsarkofi 38	Stórabotnsgirðing 123
Markarmýri 85	Stórabrekka 34
Melshorn 4	Stórahæð 93 = 92
Miðás 103	Stóralæna 5 = 6
Miðásendi 104	Stórá 165
Miðásendi, innri 111	Stórásendi 166
Miðasklettur 109	Stórássund 169
Miðástúta 105	Stórasteinshæð 82
Miðhjalli 78	Stórástjörn 153
Miðlæna 7	Stórástættur 156
Miðsund 112	Stóribotn 119 = 120

Stórhólmi 16
Stórhvammur 120 = 119
Stórisandur 30 = 33
Stóristeinn 81
Sund 52
Sundbrunnur 100
Svarðagrafalækur 143
Svarðargrafir 51
Svartibakki 14
Svartimór 13
Tangi 116
Tjarnarenni 154
Torfholt 113
Torfholt 136
Tóttaás 159 = 160
Tóttás 160 = 159
Tunga(n) 41
Urð 70
Vörðuhraun 91
Vörðuhraun 126
Ytraflag 25
Ytribakki 15
Þröskuldur 101
Þurraenni 155
Þverlæg 125